

EFNI:

Fóstureyðingar á
Norðurlöndum 2011

bls. 1

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa
fréttabréfs, sé heimildar getið.

FÓSTUREYÐINGAR Á NORÐURLÖNDUM 2011

Skýrslan [Induced abortions in the Nordic countries 2011](#) kom út fyrr í þessum mánuði hjá finnsku stofnuninni *THL, National Institute for Health and Welfare*. Skýrslan inniheldur upplýsingar um samanburð á fjölda fóstureyðinga á Norðurlöndunum fram til ársins 2011.

Ríflega 80.500 fóstureyðingar voru framkvæmdar á Norðurlöndunum árið 2011, 37.750 í Svíþjóð, 15.970 í Danmörku, 15.340 í Noregi, 10.490 í Finnlandi og 969 á Íslandi. Samanlagður fjöldi fóstureyðinga á Norðurlöndunum hefur aukist lítillega undanfarinn áratug en engu að síður eru talsvert færri fóstureyðingar framkvæmdar nú en á áttunda áratug síðustu aldar. Þannig voru samtals um 100.000 aðgerðir framkvæmdar árið 1975 en aldrei hafa fleiri gengist undir fóstureyðingu á Norðurlöndunum en einmitt það ár. Í Finnlandi og á Íslandi hefur fjöldi fóstureyðinga haldist nokkuð stöðugur undanfarinn áratug. Í Svíþjóð, Noregi og í Danmörku fjölgaði fóstureyðingum upp úr síðustu aldamótum en undanfarin ár hefur fóstureyðingum hins vegar fækkað í þessum löndum.


Fóstureyðingar miðað við 1.000 lifandi fædda

Nokkur munur er á milli Norðurlandanna hvað varðar fjölda fóstureyðinga á hverja 1.000 lifandi fædda. Í Svíþjóð voru framkvæmdar hlutfallslega flestar fóstureyðingar árið 2011, 326 á hverja 1.000 lifandi fædda einstaklinga, en færstar í Finnlandi, 175 á hverja 1.000 lifandi fædda. Á Íslandi voru hins vegar framkvæmdar 216 fóstureyðingar á hverja 1.000 lifandi fædda, sem er heldur meira en í Finnlandi en nokkuð minna en í Noregi, Danmörku og Svíþjóð (mynd 1).


Skýrslan *Induced abortions in the Nordic countries* inniheldur einnig tölulegar upplýsingar um fæðingar á Norðurlöndunum en helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hveðrar konu. Á Norðurlöndunum var frjósemi íslenskra kvenna mest árið 2011 (2,02), talsvert meiri en í Svíþjóð (1,90), Noregi (1,88), Finnlandi (1,83) og í Danmörku (1,76). Frjósemi kvenna á Norðurlöndum er talsvert mikil í samanburði við önnur Evrópulönd þar sem meðalfrjósemi er

1,57 lifandi fædd börn á ævi hveðrar konu. Jafnan er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til þess að viðhalda mannfjöldanum til lengri tíma lítið.

Fóstureyðingar á Norðurlöndum 2011
miðað við 1.000 lifandi fædda



Norðurlöndin eiga það sammerkt að fóstureyðingum meðal kvenna yngri en 20 ára hefur fækkað undanfarinn áratug.



aldurshópi á Íslandi er umtalsverð. Þannig gengust 15,6 konur á hverjar 1.000 á aldrinum 15–19 ára undir fóstureyðingu árið 2011, en tíu árum áður, árið 2001, voru framkvæmdar 21,7 fóstureyðingar hjá konum í þessum sama aldursþópi.

Fóstureyðingar miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri

Árið 2011 voru fóstureyðingar miðað við 1.000 konur á frjósemisaldri (15–49 ára) fæstar í Finnlandi (9,0) en flestar í Svíþjóð (17,7). Í Noregi voru framkvæmdar 13,3 fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15–49 ára, sem er aðeins lægra en hið norræna meðaltal segir til um (13,9). Tölurnar fyrir Danmörku (12,7) og Ísland (12,6) voru nokkru lægri. (mynd 2).


Á öllum Norðurlöndunum eru fóstureyðingar algengastar meðal kvenna á aldrinum 20–24 ára og næst algengastar meðal kvenna á aldrinum 25–29 ára. Þá eiga Norðurlöndin það enn fremur sammerkt að fóstureyðingum meðal kvenna yngri en 20 ára hefur fækkað undanfarinn áratug. Fækkunin í þessum yngsta

Fóstureyðingar og meðgöngulengd

Hlutfall þeirra fóstureyðinga sem framkvæmdar eru innan 9 vikna meðgöngu hefur aukist undanfarinn áratug á Norðurlöndunum. Árið 2011 var hlutfall þeirra fóstureyðinga sem framkvæmdar voru á fyrstu vikum meðgöngu hæst í Svíþjóð (78,7%) og lægst í Finnlandi (72,1%). Á Íslandi hins vegar voru 75,3% fóstureyðinga árið 2011 framkvæmdar innan 9 vikna meðgöngu og 20,4% eftir 9–12 vikna meðgöngu. Fjöldi fóstureyðinga sem framkvæmdar eru eftir 12 vikna meðgöngu hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár á Norðurlöndunum (mynd 3).

Mismunandi skilyrði

Við samanburð á fjölda framkvæmdra fóstureyðinga á Norðurlöndunum er mikilvægt að hafa í huga að mismunandi skilyrði liggja til grundvallar í hverju landi áður en aðgerð er framkvæmd. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð geta þungaðar konur ákveðið upp á eigin spýtur að undirgangast fóstureyðingu. Í Svíþjóð er heimilt að fara í fóstureyðingu fram að 19. viku meðgöngu en í Noregi og í Danmörku er miðað við að slíkar aðgerðir skuli ekki



framkvæmdar eftir 12 vikna meðgöngu. Fóstureyðingar eru þó heimilaðar af læknisfræðilegum ástæðum í ofangreindum löndum eftir 12–18 vikna meðgöngu og þá í kjölfar álits sérfræðinga. Á Íslandi og í Finnlandi verður að liggja fyrir rökstudd greinargerð læknis og/eða félagsráðgjafa áður en aðgerð er framkvæmd, sama hversu langt konan er gengin með.

Samkvæmt íslenskum [lögum um fóstureyðingar](#) á að framkvæma fóstureyðingu eins fljótt og hægt er, helst fyrir 12. viku meðgöngu. Fóstureyðingu má ekki framkvæma eftir 16. viku meðgöngu nema fyrir hendi séu ótvíræðar læknisfræðilegar ástæður, svo sem alvarlegir fósturgallar eða að lífi og heilsu konunnar sé stefnt í hættu. Fóstureyðing eftir 16. viku er aðeins heimiluð á Íslandi að fengnu leyfi nefndar sem skipuð er af ráðherra.

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir
